



Reykjavík, 10. ágúst 2020
2020040002
2.2.0

Innkaupa- og framkvæmdaráð

Tilv. R19010001

Á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs 30. júlí 2020 var lagt fram að nýju yfirlit íþróttá- og tómstundasviðs, dags. 1. júlí 2020, varðandi einstök innkaup yfir 5,0 m.kr. fyrir 1. – 4. ársfjórðung 2019, með vísan til 7. gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar, sbr. 4. lið fundargerðar innkaupa- og framkvæmdaráðs frá 16. júlí 2020, ásamt svari íþróttá- og tómstundasviðs, dags. 23. júlí 2020.

Innkaupa- og framkvæmdaráð frestaði afgreiðslu yfirlitsins og óskar nánari skýringa á meðfylgjandi í svari ÍTR.

Árið 2015 sendu skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins fyrirspurn á Avís, Höldur og Bílaleigu Flugleiða/Hertz um verð á langtímaleigu á bifreiðum fyrir skíðasvæðin.

Niðurstaðan var sú að Bílaleiga Flugleiða/Hertz var lang ódýrust í þessum samanburði. Munaði þá allt að 50.000 kr á bíl á mánuði.

Hvenær var samningur gerður við Bílaleigu Flugleiða/Hertz og hver er gildistími hans ?
Hver er heildarfjárhæð samningins sem gerður var við Bílaleigu Flugleiða/Hertz ?
Innkaupa-og framkvæmdaráð óskar eftir að samningur sem gerður var við Bílaleigu Flugleiða/Hertz í kjölfar fyrirspurnar ÍTR, verði lagður fram með svari ÍTR við framangreindu.

Einnig var bent á að í 12. gr. innkaupareglna stendur: "Óheimilt er að gera ótímabundna samninga".

Ekki er neinn samningur við Bílaleigu Flugleiða. Ekki eru neinar skuldbindingar af hálfu skíðasvæðanna við bílaleiguna.

Leigan miðast í dag við það gjald sem samið var um 2015, eða 140.000 kr á mánuði pr. bifreið með bifreiðagjöldum, virðisaukaskatti og tryggingum.

Leigðir eru fjórir bílar á ársgrundvelli, og er því leigan fyrir þá um 6.7 mkr á ári.

Verð þetta mun nú lækka í 125.000 kr. á mánuði pr. bifreið og þá á ársgrundvelli 6.0 mkr. Lækkunin er tilkomin vegna afláttarkjara bílaleigunnar til skíðasvæðanna.

En í vor auglýstu bílaleigur lækkun á bílum í langtímaleigu.

Einnig eru leigðir bílar yfir vetrartímann, þegar skíðatímabil er í fullum gangi.

Bílaleiga Flugleiða er með rammasamning við Reykjavíkurborg um bílaleigubíla.
Samkvæmt þeim rammasamningi er verð á sambærilegum bíl og skíðasvæðin hafa kr. 132.000 á mánuði og 20.000 km akstur á ári innifalinn.

Skíðasvæðin fá sína bíla, frá og með 1. júlí s.l., á 125.000 kr á mánuði og 25.000 km akstur á ári innifalinn.

Þegar skíðasvæðin gerðu þessa verðfyrirspurn á sínum tíma var rekstrarumhverfi skíðasvæðanna með öðrum hætti..

Þá voru skíðasvæðin rekin á svipaðan hátt og b-hluta fyrirtæki borgarinnar, með sjálfstæða stjórn.

En skíðasvæðin starfa nú eftir nýjum þjónustusamningi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er SSH fulltrúi eigenda skíðasvæðanna.

Í samstarfssamningi milli ÍTR og sveitarfélaganna um skíðasvæðin segir m.a. :

ÍTR mun leggja þau mál sem þurfa þykir fyrir innkauparáð og innkaupadeild í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Um ákvarðanir um gerð samninga vegna innkaupa, viðhalds og framkvæmda verður farið eftir reglum Reykjavíkurborgar.



Ómar Einarsson,
sviðsstjóri.